

Helstu breytingar á lögum Sjálfsbjargar Isf.

Lagt fram af framkvæmdastjórn á Landsfundi 1.10. 2016

1. Heiti samtakanna breytt.

Heiti samtakanna frá *Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra* í **Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra**, sbr. 1. gr.

2. Áherslan er sett frekar á hreyfihamlað fólk.

Þetta kemur fram í eftirfarandi liðum: 2. gr. liðir a – b, 3. gr., 4. gr. 7. gr. lið b, 16. gr. lið o.

3. Aldursumfjallanir

Ekki eru sett **neðri mörk á aldur** félaga (var 18 ár í 4. gr.). Félagar þurfa þó að vera **16 ára til að hafa kjörgengi og kosningarrétt** sbr. 3. gr.

4. Einstaklingsaðild gerð möguleg að landssamtökunum.

Opnað er fyrir einstaklingsaðild fólks af svæðum þar sem ekki er starfandi aðildarfélag sbr. 4. gr.

5. Aðalfundur færður til fyrri hluta árs.

Dagsetningar aðalfundar sett að vori apríl-maí, sjá 9. gr. Því breytast aðrar dagsetningar er tengjast fundinum s.s.:

- Skýrslur og árgjöld til Sjálfsbjargar sbr. 6. gr.
- Framboðsmál – frestir til framboða og kynningar sbr. 8. gr. b lið.
- Kjörnefnd kölluð saman í síðasta lagi 1.2. (sjá 8. gr. c lið).
- Boð á aðalfund með 10 vikna fyrirvara (9. gr.).
- Kosning fulltrúa á aðalfund skal tilkynna 4 vikum fyrir aðalfund.
- Kynna hvaða nefndir skulu starfa og fulltrúa í stjórnnum og nefndum skal kynna á vefsíðu 4 vikum fyrir aðalfund (sjá 13. gr. e lið).

6. Félagar.

Félagsaðild hreyfihamlaðra sem og annarra fatlaðra eða ófatlaðra. Aðeins hreyfihamlaðir geta setið í stjórn Sjálfsbjargar landssamtakanna (ekki takmarkað hjá aðildarfélögunum).

7. Skerpt á starfsemi aðildarfélaga.

Félögin skulu halda aðalfund og kjósa lágmark 3 stjórnarmenn. 6. gr.

Senda skal skýrslu um starfsemi nýliðins árs, rekstrarreikning og fjárhagsstöðu um áramót. 6. gr.

Félögin skulu starfa að málefnum hreyfihamlaðs fólks og taka þátt í sameiginlegum verkefnum Sjálfsbjargar. 7. gr. b liður.

8. Kosningar. (sjá 13. gr.)

Breytt er fyrirkomulagi kosninga þannig að helmingur stjórnar og nefndarmanna er kjörin annað árið og hinn helmingurinn hitt árið.

9. Stjórnin. (sjá 16. gr.)

Ein stjórn 7 aðalmenn og 2 varamenn.

Heitir STJÓRN.

Fundar reglulega.

Varamenn fá öll gögn en mæta í forföllum aðalmanna.

Ákveðið að nefna formenn og stjórn saman sem „sambandsstjórn“ sem fundar einu sinni á ári að hausti (sjá h lið 16. gr.).

Reynt að tryggja jafnvægi milli kynja og búsetu í stjórn og nefndum og um helmingur starfsfólks sé hreyfihamlað (o liður 16. gr.)

10. Hlutverk vefsíðu aukið.

Upplýsingaflæði t.d. fyrir aðalfund fer mikið fram í gegnum vefsíðuna þar sem öll gögn fundarins eru birt. Því á ábyrgð félaga að fylgjast með gangi mála þar.